
VSÓ RÁÐGJÖF
urbana

LYKILTÖLUR HINS BYGGÐA UMHVERFIS

Sjálfbærnivísar fyrir höfuðborgarsvæðið



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

SÓKNARÁÆTLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

VSÓ RÁÐGJÖF

HELSTU MARKMIÐ

- Greina lykiltölur hins byggða umhverfis og gæði byggðar á höfuðborgarsvæðinu.
- Bera niðurstöður saman milli svæða og við borgarsvæði erlendis.
- Greina tækifæri og áskoranir við áframhaldandi þróun núverandi og nýrra hverfa.

VINNSLA VERKEFNISINS

Gagnavinnsla og GIS greiningar:

VSÓ ráðgjöf

Mótun sjálfbærnivísa og viðmiða og túlkun niðurstaðna:

Hrafnkell Á Proppé

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

- Verkefnið byggir á innviðagreiningunni og setur gögn um byggð og innviði í samhengi við svæðisskipulagið og leiðbeiningar um sjálfbært borgarskipulag.







VSÓ RÁÐGJÖF

FIMM SJÁLFBÆRNIÞEMU

Greiningin er skipt niður í fimm þemu og eru nokkrir vísar undir hverju þeirra. Fyrir hvern vísi eru skilgreind viðmið sem segja til hversu vel vísirinn styður við sjálfbært borgarskipulag. Viðmiðin eru sótt í svæðisskipulagið, leiðbeiningar um borgarskipulag og fræðilegar rannsóknir.

Þemun snúa að daglegu lífi og byggð:

A. Nærþjónusta
B. Vistvænar samgöngur
C. Byggðamynstur og lýðfræði
D. Græn gæði
E. Blöndun byggðar.


VSÓ RÁÐGJÖF

HVERNIG LESUM VIÐ NIÐURSTÖÐURNAR

- Vísar lýsa afmörkuðum þáttum gagnvart skilgreindum viðmiðum.
- Einkunnin er ekki almenn heildareinkunn fyrir hverfið, heldur einföld framsetning á stöðu tiltekins vísis gagnvart skilgreindum viðmiðum um sjálfbært borgarskipulag.
- Hverfi getur til dæmis komið sterkt út gagnvart grænum gæðum en veikt gagnvart nærþjónustu. Annað hverfi getur haft gott aðgengi að almenningssamgöngum en takmarkaða blöndun byggðar.
- Sjálfbærnivísarnir mæla ekki alla þætti sem skipta máli fyrir gæði byggðar.

NÆRÞJÓNUSTA

- Horft er til aðgengis íbúa að skólum, verslun og annarri nærþjónustu í göngufæri.
- Miðlæg hverfi og hverfi nærri þjónustukjörnum hafa almennt betra aðgengi en hverfi nær jaðri byggðar.
- Aðgengi að leikskólum er víða gott, en lengra er í ýmsa aðra þjónustu, meðal annars stórar matvöruverslanir.



Gönguskor

https://gskor.is/

AI Mode

New Chrome available

Gönguskor
gskor.is

…t.d. matvörubúð

Sía

IS

MOSFELLSDALUR

Blikastaðakró – Leiruvogur

Mosfellsbær

Reykjavik

RKV

GRAFARHOLT OG ÚLFARSÁRDALUR

ÁRBÆR

Kópavogur

Álftanes

Bessastaðanes

Garðabær

VATNSENDI

Hafnarfjordur

Heiðmörk

VELLIR

Búrfell

Bæði

Gönguskor

Fasteignir

Gönguskor

0 25 50 75 100

Nýtt: Spurðu kortið

Lýstu heimilinu sem þú leitar að og kortið stillir sig, t.d. „fjölbýli nálægt sundlaug í Hafnarfirði“.


Gönguskor er í beta. Ábendingar á gskor@gskor.is · Breytingar

mapbox

© Mapbox © OpenStreetMap **Improve this map**


VISTVÆNAR SAMGÖNGUR

- Horft er til nálægðar við stoppistöðvar, tíðni ferða, ferðavenja og bílaeignar.
- Nálægð við stoppistöð er almennt góð, en tíðni ferða og hlutfall vistvænna ferða eru víða undir viðmiðum.
- Í 53 af 61 hverfi er gott aðgengi að stoppistöð, en aðeins tvö hverfi ná viðmiði um gott þjónustustig stoppistöðva.
- Mikill breytileiki milli hverfa í ferðavenjum.




BYGGÐAMYNSTUR OG LÝÐFRÆÐI

- Horft er til þéttleika byggðar, íbúðarrýmis á íbúa og aldurssamsetningar.
- Þéttleiki hefur áhrif á forsendur nærþjónustu og almenningssamgangna. Aldurssamsetning gefur vísbendingar um húsnæðis- og þjónustuþörf.
- Þéttari byggð sem fellur að viðmiðunum er einkum í miðlægum hverfum, en aldurssamsetning sýnir fjölbreyttara mynstur.




GRÆN GÆÐI

- Græn gæði eru metin með 3–30–300 nálguninni: sýnilegum trjám, trjákrónuþekju og nálægð við opin græn svæði.
- Aðgengi að opnum grænum svæðum er almennt gott. Meiri áskoranir koma fram varðandi trjágróður og trjákrónuþekju.
- Gögn um trjágróður eru ónákvæm og kalla á nánari greiningu áður en ályktanir eru dregnar um einstök hverfi.



BLÖNDUN BYGGÐAR

- Horft er til fjölbreytni húsagerða og íbúðarstærða og hlutfalls verslunar- og skrifstofuhúsnæðis.
- Fjölbreytt húsnæði getur auðveldað íbúum að finna húsnæði við hæfi innan sama hverfis. Blöndun starfsemi getur styrkt nærþjónustu og stytt daglegar ferðir.
- Miðlæg hverfi og hverfi við helstu samgönguása sýna víða meiri blöndun en hverfi nær jaðri byggðar.




VSÓ RÁÐGJÖF

SAMANBURÐUR VIÐ ERLEND BORGARSVÆÐI


Aðgengi að samanburðarhæfum gögnum takmarkar erlendan samanburð. Hér eru borin saman borgarsvæði í heild út frá fjórum þáttum:

- *Þéttleika byggðar*
- *Aðgengi að almenningssamgöngum*
- *Bílaeign*
- *Grænum gæðum samkvæmt 3–30–300 viðmiðinu*

ÞÉTTLEIKI BYGGÐAR





Mynd 8 Íbúaþéttleiki á byggðu landi innan afmarkaðra þéttbýliskjarna (urban centre) í nokkrum norrænum borgum. Afmörkun þéttbýliskjarna höfuðborgarsvæðisins og byggðs lands innan hans er sýnd á mynd 7. Úrvinnsla úr Global Human Settlement Layer, Urban Centre Database 2024 (European Commission, Joint Research Centre, 2024).



Mynd 7 Afmörkun þéttbýliskjarna (urban centre) á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt GHSL og byggt land innan hennar. Rauða línan sýnir afmörkun þéttbýliskjarna, samtals um 9.700 ha, og gulir reitir sýna byggt land (built-up area), samtals um 6.264 ha.

AÐGENGI AÐ ALMENNINGS-SAMGÖNGUM





Public transport departures in urban centres, 2018

Number of departures
- < 4
- 4 - 6
- 6 - 8
- 8 - 12
- 12 - 24
- >= 24
- No data

Urban centre population
- < 100000
- 100000 - 250000
- 250000 - 500000
- 500000 - 1000000
- 1000000 - 5000000
- >= 5000000

Population-weighted median number of hourly departures between 6:00 and 20:00 available within walking distance (500 m to bus/tram stop; 1 km to metro/train).
Sources: public transport operators, Eurostat, REGIO-GIS

0 500km

© EuroGeographics Association for the administrative boundaries

VSÓ RÁÐGJÖF

HEILDARMYND HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

- Niðurstöðurnar sýna samspil byggðamynsturs, nærþjónustu, samgangna, grænna gæða og blöndunar byggðar.
- Miðlæg hverfi og hverfi nærri þjónustukjörnum hafa almennt fleiri styrkleika gagnvart viðmiðunum. Áskoranir eru víða meiri nær jaðri byggðar og í hverfum með einhæfari landnotkun.
- Norræni samanburðurinn dregur fram að þéttleiki byggðar er lægri en í öðrum norrænum höfuðborgum, aðgengi að góðum almenningssamgöngum er lakara og bílaeign meiri.
- Þessir þættir tengjast að hluta innbyrðis. Lágur þéttleiki og dreifðara byggðamynstur skapa almennt veikari forsendur fyrir nærþjónustu og öflugum almenningssamgöngum og tengjast því oft meiri bílaeign og bílanotkun.

STYRKLEIKAR OG ÁSKORANIR

Styrkleikar

- Almennt gott aðgengi að leikskólum, strætóstoppistöðvum og grænum svæðum.
- Íbúðarrými á íbúa er almennt innan viðmiða.

Helstu áskoranir

- Lítil tíðni strætóferða og lágt hlutfall vistvænna ferða.
- Víða langt í stórar matvöruverslanir og takmörkuð fjölbreytni húsnæðis.
- Hverfi sem liggja nær jaðri byggðar eru mótuð af einhæfari landnotkun og bílháðu skipulagi og koma veikar út.

Tækifæri til áframhaldandi þróunar

- Beina uppbyggingu þangað sem hún nýtir og styrkir hverfiskjarna, nærþjónustu og almenningssamgöngur.
- Fjölga húsnæðiskostum fyrir ólík lífsskeið og bæta græn gæði.